

VÍÐAVATNSSUNDNEFND SSÍ

Hlutverk starfsnefnda SSÍ

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum fulltrúa til starfa í nefndum á vegum SSÍ, frá kjörnefnd amk mánuði fyrir sundþing. Að auki skal stjórn SSÍ tilnefna formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing. Starfsnefndir starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands og skal starfsmaður SSÍ eða einn stjórnarmaður yfirleitt taka sæti í hverri nefnd. Stjórn skipar einnig formenn nefnda og skulu starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á. Stjórn er heimilt að skipa nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt. Stjórn SSÍ ber ábyrgð á starfi fastanefnda og skal setja nefndunum erindisbréf.

Hlutverk Víðavatnssundnefndar

er að kynna víðavatnssund á Íslandi og sjá um og fjármagna Íslandsmót í víðavatnssundi.

Verkefni **Víða-vatnssundsnefndar** eru:

- að kynna víðavatnssund sem íþróttagrein og stóran þátt í lýðheilsu á Íslandi
- að kynna víðavatnssund á víðtækan máta
- að sjá um, fjármagna og halda Íslandsmót í víðavatnssundi
- að hvetja til uppbyggingar á aðstöðu til víðavatnssunds sem víðast
- að fylgja eftir öryggismálum víðavatnssunds
- að gefa út bæklinga og halda utan um upplýsingar um víðavatnssund og öryggi í víðavatnssundi

Nefndin hittist nefndin eftir þörfum (ekki sjaldnar en einu sinni á ári) og sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.